

Föstudaginn 21. janúar 1972.

Nr. 102/1970. **Guðjón Sigurðsson**

(Jón Bjarnason hrl.)

gegn

Sturlu Einarssyni

(Kjartan Reynir Ólafsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Samningar.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 20. maí 1970 og krafizt þess, að honum verði dæmd sýkna og stefnda verði dæmt að greiða honum málskostnað bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst þess, að héraðsdómurinn verði staðfestur og áfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Stefndi hélt áfram vinnu við „vaskborð“ það, sem í málinu greinir, eftir að áfrýjandi hafði í desember 1968 lýst því fyrir áfrýjanda, að þeir væru skildir að skiptum og að hann mundi eigi inna frekari greiðslur af hendi til stefnda. Samkvæmt ástæðum þeim, sem raktar eru í héraðsdómi, verður eigi talið, að áfrýjandi hafi innt af hendi full skil til stefnda. Hins vegar var stefnda eigi rétt að halda áfram vinnu við „vaskborðið“ á kostnað áfrýjanda, eftir að áfrýjandi lýsti yfir riftun. Ber af þeim sökum að lækka kröfu stefnda. Þykir sú lækkun hæfilega ákveðin kr. 800.00. Samkvæmt þessu ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda kr. 7.451.00 ÷ 800.00, þ. e. kr. 6.651.00 ásamt vöxtum, svo sem síðar segir, gegn því, að stefndi afhendi honum „vaskborð“ það, sem í málinu greinir.

Eftir atvikum er rétt, að áfrýjandi greiði stefnda upp í málskostnað í héraði kr. 2.000.00, en málskostnaður í Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Afrýjandi, Guðjón Sigurðsson, greiði stefnda, Sturlu Einarssyni, kr. 6.651.00 ásamt 7% ársvöxtum af kr. 6.281.00 frá 1. janúar 1969 til 1. febrúar 1969 og af kr. 6.651.00 frá þeim degi til greiðsludags gegn því, að stefndi afhendi afrýjanda „vaskborð“ það, sem á mílinu greinir.

Afrýjandi greiði stefnda upp í málskostnað í héraði kr. 2.000.00, en málskostnaður í Hæstarétti fellur niður.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lög-
um.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 18. marz 1970.

Mál þetta, sem tekið var til dóms hinn 12. þ. m., hefur Sturla Einarsson, húsgagna- og húsasmíðameistari, Sæviðarsundi 44, Reykjavík, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 29. apríl 1969, á hendur Guðjóni Sigurðssyni, Hjallalandi 18, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi verði dæmdur til greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 7.551.00 með 1% dráttarvöxtum fyrir hvern byrjaðan vanskilamánuð af kr. 6.281.00 frá 1. janúar 1969 til 1. febrúar 1969, en af kr. 7.551.00 frá þeim degi til greiðsludags auk málskostnaðar að skaðlausu eftir mati réttarins, allt gegn afhendingu á vaskborði í baðherbergi, er stefnandi hefur smíðað fyrir stefnda.

Dómkröfur stefnda eru aðallega þær, að hann verði algerlega sýknaður af kröfum stefnanda, en til vara, að hann verði sýknaður að svo stöddu.

Í báðum tilvikum krefst stefndi málskostnaðar úr hendi stefnanda.

Leitast hefur verið við að koma á sáttum í máli þessu, en sú viðleitni hefur eigi borið árangur.

Málavextir eru þeir, að í októbermánuði 1968 samdi stefndi við stefnanda um það, að stefnandi tæki að sér að smíða skáp í þvottahús og vaskborð í baðherbergi í húsi stefnda, sem þá var í smíðum að Hjallalandi 18, Reykjavík. Samningur um smíði þessa var munnlegur og gerður í húsi stefnda að viðstöddum aðiljum þessa máls og eiginkonu stefnda, Halldóru Jóhannsdóttur. Stefndi og eiginkona hans hafa borið fyrir réttinum, að stefnandi

hafi sagt, að hann teldi sig geta afhent smíði þessa á hálfum mánuði. Stefnandi hefur hins vegar skýrt svo frá, að ekki hafi verið samið um ákveðinn afhendingartíma á smíði þessari, en af hálfu stefnda hafi verið lögð áherzla á það, að hún yrði afhent sem fyrst.

Hinn 20. október 1968 kveðst stefndi hafa afhent stefnanda kr. 4.000.00 upp í efniskaup, og er því ómótmælt af hálfu stefnanda. Kveðst stefnandi hafa unnið að smíði þessari í kjallara á heimili sínu nema vélavinnu við smíðina, hana kveðst stefnandi hafa unnið á verkstæði Hjálmars Þorsteinssonar hér í borg.

Meðan stefnandi vann að smíðinni, vann hann einnig önnur verk í húsi stefnda. Voru verk þessi eftirfarandi:

1. Að setja upp mismunandi stóra skilrúmsveggi á fjórum stöðum í húsinu.
2. Að lagfæra útidyrarhurð, sem var stíf í.
3. Líma hjónarúm.
4. Stefnandi skipti um lamir á opnanlegum gluggum.
5. Stefnandi setti stormjárn og krækjur á opnanlega glugga.
6. Stefnandi tók mál af hurðum í íbúðinni og fór með stefnda og eiginkonu hans að velja spón á hurðir.

Auk þess kveðst stefnandi hafa skrifað tíma á það, er hann reyndi að útvega stefnda múrara til að vinna í húsi hans, enda kveðst stefnandi hafa gert þetta í vinnutíma sínum.

Stefnandi kveðst hafa unnið öll verk, sem hann vann hjá stefnda, í tímavinnu og tekið kr. 130.00 á tímann. Samkvæmt framlögðum reikningum, sem dagsettir eru í nóvember og desember 1968, hefur stefndi greitt stefnanda samtals kr. 17.941.00.

Er stefnda tók að lengja eftir því, að stefnandi afhenti skápa þá, er hann tók að sér að smíða fyrir stefnda, tók stefndi að reka á eftir við stefnanda. Í byrjun desember 1968 kveðst stefndi hafa farið í verkstæði Hjálmars Þorsteinssonar til þess að athuga, hvort stefnandi ætti þar geymdan baðherbergisskápinn (vaskborðið), sem stefnandi hafi verið búinn að segja stefnda, að hann ætti í geymslu þar. Á þessu verkstæði hafi hins vegar enginn kannast við grip þennan. Kveðst stefndi þá hafa farið heim til stefnanda og fengið hjá honum þær upplýsingar, að skápurinn væri geymdur í útbyggingu á nefndu verkstæði. Kveðst stefndi þá hafa farið enn á ný á verkstæði Hjálmars Þorsteinssonar og rætt þar við Þorstein Hjálmarsson, sem hafi sagt sér, að stefnandi ætti ekkert þarna á verkstæðinu. Kveðst stefndi þá hafa farið aftur heim til stefnanda og hafi stefnandi þá sýnt

sér fjöl nokkra, sem búið hafi verið að líma á hvítt plast. Stefnandi kveður stefnanda ekki hafa sýnt sér önnur stykki tilheyrandi vaskborðinu. Þegar stefndi sá, að smíði skáps þessa var eigi lengra á veg komin, kvaðst hann hafa riftað kaupum sínum á skápnum við stefnanda.

Stefnandi hefur borið, að hann hafi þurft að vélvinna skápana á verkstæði Hjálmars Þorsteinssonar. Hafi hann haft lykil að verkstæði þessu og mátt ganga þar inn eftir þörfum. Hafi hann vélunnið stykkinn í skápana utan reglulegs vinnutíma og það geti vel verið, að starfsmenn á verkstæði Hjálmars Þorsteinssonar hafi ekki vitað um þessa hluti, þegar stefndi hafi komið þangað til að inna eftir því, hvort stefnandi ætti einhverja smíðisgripi á verkstæði þessu. Þegar stefndi hafi komið heim til stefnanda af verkstæði Hjálmars Þorsteinssonar, segir stefnandi, að hann hafi verið búinn að vélvinna stykkinn í vaskborðið og hafi þau verið tilbúin þarna heima í kjallaranum hjá sér. Hins vegar kvaðst stefnandi þá ekki hafa verið búinn að setja stykki þessi saman, en verið búinn að plastleggja þau, enda hafi stefndi þá verið búinn að sækja plastafgangana hjá sér. Stefnandi segir, að hann hafi ekki hreyft andmælum, þegar stefndi hafi riftað kaupum á vaskborðinu í kjallaranum á heimili stefnanda, þar sem stefnandi kveðst hafa verið búinn að segja stefnda það áður, að stefndi yrði að taka borðið, þar sem um sérsníði væri að ræða, sem hvergi „passaði“ annars staðar. Kveðst stefnandi ekki hafa séð ástæðu til þess að ítreka þetta við stefnda í þetta sinn, þar sem stefndi hafi þá verið í vondu skapi.

Stefndi hefur borið, að hann hafi sagt við stefnanda, þegar hann kom til hans á verkstæðið til þess að fá að sjá hjá honum vaskborðið, en þá aðeins fengið að sjá borðfjölinu, að stefnandi skyldi ekki smíða þetta borð fyrir sig, því að upp í íbúð stefnda færi þetta borð aldrei. Stefnandi kveðst hafa verið búinn að sækja afganginn af plastinu til stefnanda áður.

Stefnandi telur, að hann hafi lokið við að setja upp þvottahússkápin í húsi stefnda hinn 12. desember 1968. Þegar stefnandi setti upp þvottahússkápin, kveðst hann hafa sagt við þau hjónin, að stefndi yrði að taka vaskborðið, þar sem hér væri um sérsníði að ræða. Hafi stefndi neitað því afdráttarlaust og þetta síðan lent í orðaskaki þeirra í milli. Stefnandi kvað smíði vaskborðsins þá eigi hafa verið lokið. Hins vegar hafi vélavinnu þá verið lokið, en eigi verið búið að setja borðið saman. Stefnandi kvaðst ekki muna, hvenær borð þetta hafi verið tilbúið til af-

hendingar, en það hafi verið, mjög skömmu eftir að hann hafi sett upp þvottahússkápinn. Kveðst stefnandi hafa tilkynnt stefnda um það, þegar vaskborðið var tilbúið til uppsetningar. Taldi stefnandi það hafa verið fyrir áramót 1968—1969, sem hann hafi látið stefnda vita um þetta. Kveðst stefnandi hafa hringt þrisvar sinnum til stefnda og sagt honum, að borðið væri tilbúið, en stefndi þá jafnan svarað illyrðum og neitað að veita skápnunum viðtöku.

Stefnandi byggir dómkröfur sínar á því, að hann hafi eigi lofað ákveðnum afhendingartíma á vaskborðinu, eftir að samið hafi verið um smíði þess, enda hafi stefnandi á sama tíma verið að vinna önnur verk í húsi stefnda. Stefnandi kveðst hafa verið byrjaður að smíða nefnt borð, þegar stefndi kom til hans til þess að rifta kaupunum, enda hafi stefndi áður verið búinn að sækja til sín plastafganga. Stefnandi kveðst hafa skýrt stefnda svo frá, að vaskborðið væri sérsmíði, sem hvergi hentaði annars staðar en í baðherbergi stefnda, og yrði stefndi því að veita borðinu viðtöku, og kveðst stefnandi ekki hafa samþykkt riftun stefnda á kaupunum. Samkvæmt þessu telur stefnandi, að eigi sé um vanefndir af sinni hálfu að ræða og því sé riftun stefnda á ofangreindum kaupum óréttmæt.

Stefndi byggir sýknukröfu sína á því, að þegar samið hafi verið um smíði þessa, hafi stefnandi lofað að afhenda hana eftir hálfan mánuð frá samningsgerð. Þetta afhendingarloforð hafi stefnandi vanefnt verulega og því hafi stefndi haft réttmæta ástæðu til þess að rifta kaupunum, svo sem hann hafi gert heima hjá stefnanda og stefnandi þá eigi hreyft andmælum við þeirri riftun stefnda.

Stefndi heldur því fram, að samið hafi verið um það með málsaðiljum, að stefnandi afhenti margnefnt vaskborð, hálfum mánuði eftir að samið var um smíði þess. Stefndi hefur sönnunarbyrði fyrir þessari fullyrðingu sinni. Skriflegur samningur var eigi gerður með aðiljum um smíði þessa, og gegn andmælum af hálfu stefnanda telst stefndi eigi hafa fært sönnur að því, sbr. 129. gr., 2. mgr., laga nr. 85 23. júní 1936 um meðferð einkamála í héraði, að samið hafi verið um ákveðinn afhendingartíma á framangreindum skápum. Telst stefndi því eigi hafa haft réttmæta ástæðu til að rifta kaupunum, er hann vildi rifta, enda var hér um sérsmíði að ræða, sem stefnandi var þá byrjaður á, og afhendingardráttur af hans hálfu þá eigi orðinn verulegur, svo að heimili riftun að öðru leyti. Samkvæmt þessu er riftunar-

krafa stefnda á margnefndum baðherbergisskáp eigi tekin til greina.

Stefnandi hefur í stefnu sundurliðað kröfur sínar þannig:

„1968	An: Efni og vinna, keypt hjá Hjálmari	
nóvember	Þorsteinssyni & Co. h.f. vegna stefnda ..	kr. 2.381.00
6. 12.	An: Vinna við vaskahús, baðskápa og	
	svefnherbergi, 30 klst.	— 3.900.00
1969	An: Vinna við baðskáp, 9 klst. á kr.	
30. 1.	130.00 pr. klst.	— 1.170.00

Samtals kr. 7.451.00“.

Þessi fjárhæð er kr. 100.00 lægri en stefnufjárhæðin, og byggist það á reikningsskekkju í síðasta reikningi stefnanda.

Verður stefndi dæmdur til þess að greiða stefnanda þessa fjárhæð, enda hafa verið lagðir fram reikningar henni til stuðnings, sem ekkert er athugavert við nema síðasti reikningurinn frá 30. janúar 1969. Í honum var reikningsskekkja, svo sem fyrr er frá greint, þar sem 9 klst., á kr. 130.00 pr. klukkustund, eru í reikningi þessum reiknaðar á kr. 1.270.00, en eiga að sjálfsögðu að vera 1.170.00, og er það leiðrétt í dómnum. Þá verður stefndi dæmdur til þess að greiða stefnanda vexti, er ákveðast 7% ársvextir af kr. 6.281.00 frá 1. janúar 1969 til 1. febrúar 1969, en af kr. 7.451.00 frá þeim degi til greiðsludags.

Eftir þessum málalokum verður stefndi dæmdur til þess að greiða stefnanda málskostnað, er ákveðst kr. 3.800.00.

Auk afhendingardráttar af hálfu stefnanda hefur stefndi fundið að göllum á smíði stefnanda. Í fyrsta lagi hefur stefndi bent á það, að tekið hafi verið úr fyrir gripi á hurð á vaskahússkáp á röngum stað og gripið síðan verið fært til og fyllt upp í skarð það, er myndaðist í hurðina, með sérstöku fyllingarefni. Sé þetta auglýnilegt á hurðinni og til lýta. Stefnandi hefur viðurkennt þessi mistök og boðizt til þess að lagfæra þessa vansmíð. Telst stefnandi eiga rétt á að lagfæra þessa vansmíð. Einnig telst stefnandi eiga rétt á að lagfæra límingu, sem losnað hefur milli hliðarstykkis og botnstykkis á vaskahússkápnum.

Í annan stað hefur stefndi fundið að því, að þil í skilvegg milli svefnherbergja hafi svignað. Stefnandi setti upp þil þetta í nóvembermánuði 1968. Það mun síðan hafa verið í marzmánuði 1969, sem annar maður skeytti klæðaskáp við þil þetta. Dómendur

hafa farið á vettvang og athugað smíð stefnanda hjá stefnda og kannað galla þá, sem hér um ræðir. Má sjá það við nána athugun, að þil þetta hefur bognað örlítið út, þar sem klæðaskápur tengist því. Telur rétturinn ekki sannað, að stefnandi beri ábyrgð á þessum smávægilega galla, enda er fram komið í málinu, að eigi var kvartað undan þessu við stefnanda, þegar klæðaskápurinn var settur upp, og ósannað er, með hverjum hætti og hvenær þil þetta svignaði.

Magnús Thoroddsen borgardómari kvað upp dóm þennan ásamt meðdómendunum Hjalta Geir Kristjánssyni húsgagnaarkitekt og Indriða Níelssyni húsasmíðameistara.

Dómsorð:

Stefndi, Guðjón Sigurðsson, greiði stefnanda, Sturlu Einarssyni, kr. 7.451.00 með 7% ársvöxtum af kr. 6.281.00 frá 1. janúar 1969 til 1. febrúar 1969, en af kr. 7.451.00 frá þeim degi til greiðsludags, gegn því að stefnandi afhendi stefnda framangreint vaskborð í baðherbergi í húsi stefnda að Hjalla-landi 18, Reykjavík.

Stefndi greiði stefnanda kr. 3.800.00 í málskostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 21. janúar 1972.

Nr. 159/1970. Ólafur Guðmundsson vegna verzlunarinnar
Lundar (Jón Bjarnason hrl.)

gegn

Gunnari Kristjánssyni vegna Plastskilta-
gerðarinnar (Agnar Gústafsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Samningar.

Dómur Hæstaréttar.

Afrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 31. ágúst 1970. Krefst hann þess aðallega, að honum